

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 51

5. árgangur

10.12.1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/51/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1358 - Philips/Lucent Technologies (II))	1
98/EES/51/02	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 42/97 (áður NN 121/96 og N 593/96) - Þýskaland	2
98/EES/51/03	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 30/98 (áður N 771/97, NN 18/98) - Þýskaland	2
98/EES/51/04	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 55/98 (áður NN 20/98) - Finnland	3
98/EES/51/05	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	3
98/EES/51/06	Tilkynning um samning um lokagjöld milli pósthöðva (Mál nr. IV/36.748)	4
98/EES/51/07	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um mál nr. IV.F.1/36.718. - CECED	5

98/EES/51/08	Aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði menntamála – SOCRATES - Auglýst eftir umsóknum fyrir 1999 (DG XXII - 32/98)	5
98/EES/51/09	Skrá yfir útgefin skjöl framkvæmdastjórnarinnar	6
98/EES/51/10	Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 16. 11. til 20. 11. 1998	8
98/EES/51/11	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	9
3. Dómstóllinn		
98/EES/51/12	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	11
98/EES/51/13	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	13

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1358 - Philips/Lucent Technologies (II))

98/EES/51/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Koninklijke Philips Electronics N.V, sem heyrir undir Philips-samsteypuna (Philips), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirlit yfir hluta af fyrirtækinu Philips Consumer Communications L.P. (PCC), með flutningi á eignum þessa sameiginlegs fyrirtækis, sem áður var stofnað af Philips og Lucent Technologies Inc. og samþykkt í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. ágúst 1997 (mál IV/M.966 - Philips/Lucent Technologies). Um er að ræða endurkaup á eignum sem Philips flutti upphaflega til sameiginlega fyrirtækisins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Philips: ljós, hálfleiðarar og íhlutar, vörur og kerfi fyrir fagmenn og neytendur, sem og hugbúnaður og þjónusta á sviði hugbúnaðar,
 - PCC: þróun, hönnun, framleiðsla, markaðssetning, dreifing, leiga og sala á samskiptaendabúnaði (símar með snúru, þráðlausir og hólfskiptir símar, símsvarar og kalltæki).
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 384, 8. 12. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um brefasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1358 - Philips/Lucent Technologies (II), á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 42/97 (áður NN 121/96 og N 593/96)
Þýskaland

98/EES/51/02

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að framlengja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem þýsk stjórnvöld veittu fyrirtækinu Everts Erfurt GmbH, Thüringen (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB C 377 frá 5. 12. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
State Aid II Directorate
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Bréfasími: (+32 2) 299 27 58

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 30/98 (áður N 771/97, NN 18/98)
Þýskaland

98/EES/51/03

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar þýskra stjórnvalda við fyrirtækið Wildauer Kurbelwelle GmbH (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB C 377 frá 5. 12. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
State Aid II Directorate
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Bréfasími: (+32 2) 299 27 58

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 55/98 (áður NN 20/98)
Finland

98/EES/51/04

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna flýtuþyrninga fjárfestinga á þróunarsvæðum (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB C 377 frá 5. 12. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarráttum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
State Aid II Directorate
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Finland.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 98/EES/51/05
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoð til að draga úr umframfiskveiðigetu í innhafinu Ysselmeer, ríkisaðstoð nr. N 2/98 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 351 frá 18. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til að bjarga fyrirtækinu Ingenieur – und Maschinenbau GmbH (IMG) og endureinkavæða það, ríkisaðstoð nr. NN 23/98 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 351 frá 18. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýskt styrkjakerfi fyrir fyrirtæki sem miða rannsóknir sínar við þarfir markaðarins, ríkisaðstoð nr. N 269/98 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 351 frá 18. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska aðstoð til að endurskipuleggja fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum, ríkisaðstoð nr. N 82/98 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til að efla rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála, ríkisaðstoð nr. N 329/98 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki í fylkinu Nordrhein-Westfalen, ríkisaðstoð nr. N 289/98 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýskt ríkisstyrkjakerfi sem miðast einkum við að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki við að nýta nýja tæknimöguleika í því skyni að styrkja starfsemi sína á sviði nýsköpunar og þar með samkeppnishæfni, ríkisaðstoð nr. N 357/98 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til að efla ráðgjafarþjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki og styrkja fjárfestingar þeirra, ríkisaðstoð nr. N 280/98 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til að efla umhverfisvernd og rannsóknir og þróun á vegum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 291/98 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til að efla svæðisbundna efnahagsþróun, einkum á sviði atvinnusköpunar, ríkisaðstoð nr. N 299/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoð til að efla samvinnu milli opinberra rannsóknarstofnanna og fyrirtækja á sviði rannsókna og þróunar, ríkisaðstoð nr. N 292/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoð vegna byggðapróunar í Aragon, ríkisaðstoð nr. N 345/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoð til að vinna og markaðssetja fiskafurðir, ríkisaðstoð nr. N 425/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 363 frá 25. 11. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýskt ríkisstyrkjakerfi til að stuðla að auknu samstarfi milli rannsóknarstofnanna, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og iðnaðarins á sviði framleiðslu á sýndarvörum (virtual product), ríkisaðstoð nr. N 207/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 371 frá 1. 12. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til að efla samstarfsverkefni á sviði rannsókna og þróunar í því skyni að þróa hagnýta umhverfistækni, ríkisaðstoð nr. N 256/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 371 frá 1. 12. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð sem miðar að því að auðvelda fólki sem á í erfiðleikum á vinnumarkaðinum að finna sér starf, ríkisaðstoð nr. N 151/A/98 og N 151/B/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 371 frá 1. 12. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska aðstoð við sameiginleg rannsóknarverkefni og forathuganir iðnfyrirtækja, ríkisaðstoð nr. 777/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 371 frá 1. 12. 1998).

Tilkynning um samning um lokagjöld milli pósthöðva (Mál nr. IV/36.748)

98/EES/51/06

Framkvæmdastjórninni barst 31. október 1997 tilkynning samkvæmt reglugerð ráðsins nr. 17/62 um samning um lokagjöld milli pósthöðva ("REIMS II-samningurinn") þar sem farið er fram á að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans. Samningsaðilar hafa síðan skýrt frá því að beiðnin grundvallast einnig á viðeigandi reglum í EES-samningnum (sjá nánar í Stjtið. EB C 371, 1.12.1998).

Framkvæmdastjórnin áformar að taka jákvæða afstöðu gagnvart REIMS II-samningnum eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem hagsmunum eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar, með tilvísun til IV/36.748 – REIMS II, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels
Bréfasími: (+32 2) 296 70 81

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins
nr. 17/62 um mál nr. IV.F.1/36.718. - CECED****98/EES/51/07**

Framleiðendasamtökin Conseil Européen de la Construction Electro-Domestique (CECED) tilkynntu 22. október 1997 um samning sem gerður var 24. september 1997, þar sem nokkrir meðlimir þeirra skuldbinda sig til að hætta framleiðslu og innflutningi á ýmsum tegundum af þvottavélum. CECED fer fram á að mótmælum verði ekki hreyft og til vara um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (sjá nánar í Stjtíð. EB C 382, 9.12.1998).

Framkvæmdastjórnin áformar að taka jákvæða afstöðu, samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins, gagnvart samningnum sem tilkynnt hefur verið um. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar í pósti, innan 30 daga frá birtingu þessarar tilkynningar í fyrrnefndum Stjtíð. EB, með tilvísun til IV.F.1/36.718. - CECED, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate F
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði menntamála – SOCRATES**98/EES/51/08****Auglýst eftir umsóknum fyrir 1999 (DG XXII - 32/98)**

Aðgerðaáætlun Evrópubandalagsins á sviði menntamála SOCRATES var samþykkt 14. mars 1995 (ákvörðun 819/95/EB, Stjtíð. EB nr. L 87, 20. 4. 1995). Áætlunin tekur til ríkjanna 15 sem eiga aðild að Evrópusambandinu og Íslands, Liechtensteins og Noregs á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Áætlunin gildir fyrir tímabilið 1995-1999 og til hennar hefur verið varið 920 000 000 ECU (sjá nánar í Stjtíð. EB nr. C 370 frá 1. 12. 1998).

Meðferð umsókna í SOCRATES er mjög mismunandi, allt eftir því hvort framkvæmdastjórnin sér um að skipuleggja viðkomandi aðgerð eða innlendir stofnanir sem þátttökuríkin tilnefna. Allar aðgerðir taka mið af meginreglunni um jöfn tækifæri fyrir karla og konur annars vegar og hins vegar fyrir fatlaða.

Upplýsingabæklingurinn *Guidelines for Applicants 1998* gildir einnig fyrir árið 1999, með fyrirvara um breytingar sem kveðið er á um í *Addendum 1999*. Í þessum tveimur bæklingum eru allar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig staðið skuli að umsóknum, fresti og valviðmið vegna verkefna og starfsemi á almanaksárinu 1999. Þessir bæklingar og nánari upplýsingar fást hjá:

- Socrates and Youth Technical Assistance Office (TAO), rue Montoyer/Montoyerstraat 70, B-1000 Brussel, sími: (+32 2) 233 01 11, bréfasími: (+32 2) 233 01 50, netfang: info@socrates-youth.be, sem aðstoðar framkvæmdastjórnina (Directorate-General for Education, Training and Youth) við tæknilega framkvæmd áætlunarinnar og hjá landsskrifstofu fyrir áætlunina, sem er að finna í heftinu *Guidelines for Applicants*,
- í tölvutæku formi um EUROPA
<http://europa.eu.int/en/comm/dg22/socrates.html>

Skrá yfir útgefin skjöl framkvæmdastjórnarinnar**98/EES/51/09**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi skjöl^(*):

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. október 1997 þar sem því er lýst er yfir að samruni fyrirtækja samrýmist sameiginlega markaðinum og framkvæmd EES-samningsins (Mál nr. IV/M.938 – Guinness/Grand Metropolitan) (sjá Stjtið. EB L 288 frá 27.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. desember 1997 um ríkisstyrk frá þýska fylkinu Thüringen til fyrirtækisins Thüringer Motorenwerke GmbH (sjá Stjtið. EB L 316 frá 25.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. febrúar 1998 um styrk þýskra stjórnvalda til HIBEG og frá HIBEG, í gegnum Krupp GmbH, til Bremer Vulkan AG til að auðvelda söluna á Krupp Atlas Elektronik GmbH, frá Krupp GmbH til Bremer Vulkan AG (sjá Stjtið. EB L 316 frá 25.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1998 um að framlengja þýska áætlun um byggðastyrk til stórfyrirtækja til að gera þeim kleift að mæta kostnaði vegna kaupa á óefnislegum eignum, sbr. 25. rammaáætlunina sem varðar sameiginlega áætlun sambandsríkisstjórnarinnar og fylkjanna um að efla svæðisbundna uppbyggingu í atvinnumálum (sjá Stjtið. EB L 316 frá 25.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. júní 1998 um viðbótar fjárhagsráðstafanir Spánar vegna kolaiðnaðarins á árunum 1994, 1995 og 1996 (sjá Stjtið. EB L 303 frá 13.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. júní 1998 um fjárhagsráðstafanir Spánar vegna kolaiðnaðarins á árinu 1997 (sjá Stjtið. EB L 316 frá 25.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. júní 1998 um styrk spænskra stjórnvalda til kolaiðnaðarins á árinu 1998 (sjá Stjtið. EB L 316 frá 25.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. júlí 1998 um ríkisstyrk frá Lýðveldinu Austurríki og fylkinu Efra-Austurríki til fyrirtækisins Actual Maschinenbau AG (sjá Stjtið. EB L 316 frá 25.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júlí 1998 um styrkjakerfi í Þýskalandi vegna aðstoðar sem alla jafna er skylt að tilkynna um samkvæmt rammaákvæðum um byggðastyrki til stórra fjárfestingarverkefna í ýmsum atvinnugreinum (sjá Stjtið. EB L 304 frá 14.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. október 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir rúmdýnur (sjá Stjtið. EB L 302 frá 12.11.1998)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/77/EB frá 2. október 1998 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/220/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju (sjá Stjtið. EB L 286 frá 23.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. október 1998 um breytingu á ákvörðun 79/542/EBE, 92/260/EBE, 93/195/EBE og 93/197/EBE um dýraheilbrigðiskröfur vegna innflutnings, tímabundins innflutnings og endurinnflutnings á skráðum hrossum frá Tælandi (sjá Stjtið. EB L 286 frá 23.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. október 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar íblöndunarefni (sjá Stjtið. EB L 287 frá 24.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. október 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar búnað til að vatnseinangra þök (sjá Stjtið. EB L 287 frá 24.10.1998)

(*) Íslenska þýðingin á titlunum er til bráðabirgða.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. október 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar sjálfberandi hálfgegnsæjar þakeiningar (sjá Stjtið. EB L 287 frá 24.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. október 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar byggingarvörur til vegagerðar (sjá Stjtið. EB L 287 frá 24.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. október 1998 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/278/EB um gerð lista yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning frá á tilteknum vörum sem falla undir tilskipun ráðsins 92/118/EBE (sjá Stjtið. EB L 286 frá 23.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 1998 um drög að úrskurði frá lýðveldinu Austurríki um auðkenningu á erfðabreyttum bætiefnum og ilm- og bragðefnum sem notuð eru sem innihaldsefni í matvæli (sjá Stjtið. EB L 291 frá 30.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. október 1998 um myndun sérfræðingahópa til að aðstoða framkvæmdastjórnina og um efni og markmið grundvallaraðgerða á sviði rannsókna og tækniþróunar (sjá Stjtið. EB L 290 frá 29.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. október 1998 um stofnun evrópskrar rannsóknamiðstöðvar (sjá Stjtið. EB L 290 frá 29.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1998 um þriðju breytingu, hvað varðar Ítalíu, á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/109/EB um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til aðildarríkja eða héraða í aðildarríkjunum sem eru laus við sjúkdóminn, (sjá Stjtið. EB L 296 frá 5.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1998 um innflutning á tilteknum lifandi dýrum og dýraafurðum frá Simbabve og Falklandseyjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 79/542/EBE (sjá Stjtið. EB L 296 frá 5.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1998 um breytingu á viðaukunum við tilskipun ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á korni, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum (sjá Stjtið. EB L 290 frá 29.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. október 1998 um kröfur um dýraheilbrigði og útgáfu dýraheilbrigðisvottorða vegna innflutnings á nýju kjöti frá Falklandseyjum (sjá Stjtið. EB L 299 frá 10.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 1998 um beitingu 9. gr. tilskipunar ráðsins 96/67/EB gagnvart Stuttgart-flugvelli (Flughafen Stuttgart GmbH) (sjá Stjtið. EB L 300 frá 11.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 1998 um beitingu 9. gr. tilskipunar ráðsins 96/67/EB gagnvart Kölnar/Bonnar-flugvelli (Flughafen Köln/Bonn GmbH) (sjá Stjtið. EB L 300 frá 11.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 1998 um beitingu 9. gr. í tilskipun ráðsins 96/67/EB gagnvart flugvellingum í Hamborg (Flughafen Hamburg GmbH) (sjá Stjtið. EB L 300 frá 11.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. nóvember 1998 um breytingu á ákvörðun 97/217/EB um ákvörðun á hópum þriðju landa sem geta notað dýraheilbrigðisvottorð vegna innflutnings á villibráð, kjöti af ræktuðum villtum dýrum og kanínukjöti frá þriðju löndum (sjá Stjtið. EB L 308 frá 18.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. nóvember 1998 um breytingu á ákvörðun 97/87/EB um framlagningu á stuðnings og fjármálaskjölum sem tengjast sérstöku fjárframlagi frá bandalaginu í tengslum við greiningu og stjórnun aðgerða í því skyni að uppræta gin- og klaufaveiki í Grikklandi (sjá Stjtið. EB L 314 frá 24.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. nóvember 1998 um breytingu á ákvörðun 97/365/EB um gerð bráðabirgðalista yfir starfstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á vörum sem unnar er úr kjóti af nautum, svínnum, hófdýrum, sauðfé og geitum (sjá Stjttíð. EB L 314 frá 24.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. nóvember 1998 um neyðarráðstafanir vegna uppkomu smitandi heilahrönnunar í nautgripum í Portúgal (sjá Stjttíð. EB L 311 frá 20.11.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. nóvember 1998 um tilnefningu á nefndarmönnum, formönnum og varaformönnum sérfræðinganevndarinnar sem skal aðstoða framkvæmdastjórnina og um efni og markmið grundvallaraðgerða á sviði rannsókna og tækniþróunar (sjá Stjttíð. EB L 318 frá 27.11.1998)

Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 16. 11. til 20. 11. 1998 98/EES/51/10

Þessi skjöl fást hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna(*)

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(98) 673	CB-CO-98-675-EN-C ⁽¹⁾	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um eina fjármála- og áætlanagerð fyrir menningarsamstarf	16.11.1998	16.11.1998	23
COM(98) 468	CB-CO-98-642-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fjarmarkaðssetningu á fjármálaþjónustu við neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins,	14.10.1998	19.11.1998	38
COM(98) 649	CB-CO-98-680-EN-C	Evrópuþingsins, félags- og efnahagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um skógræktarstefnu í Evrópusambandinu	18.11.1998	20.11.1998	27
COM(98) 666	CB-CO-98-669-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar – Atvinnumál í Evrópu 1998 – störf fyrir fólk – fólk fyrir störf: frá stefnumótun til aðgerða	20.11.1998	20.11.1998	20

(*) Íslenska þýðingin á titlunum er til bráðabirgða.

(¹) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

98/EES/51/11

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
98-0491-NL	Breyting á framkvæmdarákvörðun um veltuskatt frá 1968 í tengslum við lægri virðisaukaskatt á hjálpartæki fyrir blinda og þá sem hafa skerta sjón	(⁴)
98-0492-I	Viðurkenning á samræmi við gildandi staðla um öryggisinnréttingar og -kerfi í tengslum við smíði og notkun á nýrri gerð af tilbúnum málmplanka fyrir fastan vinnupall úr málmni með gangbraut úr marglaga viðarplötum	8.2.1999
98-0493-FIN	Forskriftir og leiðbeiningar á sviði járnbrautataekni, RAMO, 8. hluti, brýr	10.2.1999
98-0494-NL	Úrskurður um breytingu á úrskurði um alkóhól-mælingu í kjölfar breytingar á lögum um flugumferð (alkóhólmæling í flugsamgöngum)	10.2.1999
98-0495-DK	TB 93 014 endursk. A – Radióbúnaður fyrir stafrænar valrænar hringingar í loftskjotaþjónustunni á sjó	8.2.1999
98-0496-DK	TB 93 017 endursk. A - Handbær UHF-radióbúnaður til að nota í skipum	8.2.1999
98-0497-DK	TB 93 019 endursk. – VHF-radiósímabúnaður til notkunar í loftskjotaþjónustunni á sjó	8.2.1999
98-0498-DK	TB 93 039 endursk. - MF/HF-radióbúnaður til notkunar í loftskjotaþjónustunni á sjó	8.2.1999
98-0499-DK	TB 93 043 endursk. B - Lágafllsradióbúnaður til að greina hreyfingar (viðvörunarkerfi)	8.2.1999
98-0500-DK	TB 94 045 endursk. B – Þráðlaus radióhljóðnema-búnaður	8.2.1999
98-0501-DK	TB 94 046 endursk. C - radióbúnaður til persónuleitar í neyðartilvikum	8.2.1999
98-0502-DK	TB 94 047 endursk. C - radióbúnaður til læknisfræðilegra fjarmælinga	8.2.1999
98-0503-DK	TB 94 048 endursk. B - radióbúnaður til fjarstýringar	8.2.1999
98-0504-DK	TB 94 051 endursk. A – Sjálfvirkur radióneyðarsendir á sjó sem er notaður á tíðnunum 406,025 MHz og 121,5 MHz (COSPAS-SARSAT-EPIRB)	8.2.1999
98-0505-DK	TB 94 055 endursk. A – Haldbær VHF-radióbúnaður til að nota í neyðartilvikum	8.2.1999
98-0506-DK	TB 94 060 endursk. B - Lágafllsradióbúnaður með innbyggðu loftneti til að nota á tilteknum tíðni-sviðum milli 6 MHz og 5875 MHz	8.2.1999
98-0507-DK	TB 95 066 endursk. A - VHF-miðunarmóttökubúnaður og auka VHF-móttökubúnaður sem notaður er í loftskjotaþjónustunni á sjó	8.2.1999

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
98-0508-DK	TB 97 084 endursk. A - Lágafslradíóbúnaður til að flytja viðvörðunarkerki í tengslum við vélknúin ökutæki	8.2.1999
98-0509-DK	TB 97 085 endursk. A - Lágafslradíóbúnaður til fjarstýringar á módelum og til viðvörðunar	8.2.1999
98-0510-DK	TB 97 092 endursk. A - Lágafslradíóbúnaður til gagnaflutninga	8.2.1999
98-0511-DK	TB 97 094 endursk. A - radiósendir með mjög lága sendigetun til að nota á lægri tíðni en 135 kHz og á tíðnisviðinu 7,4-8,8 MHz	8.2.1999
98-0512-DK	TB 97 098 endursk. A - Lágafslradíóbúnaður til að flytja hljóðmerki	8.2.1999
⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EEB án þess að senda drög til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár - skráningarnúmer - upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

⁽⁵⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

98/EES/51/12

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 1. október 1998 í máli C-279/95 P: Langnese-Iglo GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi Mars GmbH (samkeppni – 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans – samningar um einkakaup á rjómaís – staðlað svarbréf – bann við frekari einkakaupasamningum).

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 6. október 1998 í máli C-79/98: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu (vanræksla á að standa við skuldbindingar – vanræksla á að umsetja tilskipun 94/69/EB).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 15. október 1998 í máli C-229/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar – vanræksla á að taka tilskipun 76/869/EBE upp í landslög að öllu leyti).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 15. október 1998 í máli C-268/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - tilskipun 86/609/EBE).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 15. október 1998 í máli C-283/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - tilskipun 92/73/EBE – vanræksla á að taka tilskipun upp í landslög innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 15. október 1998 í máli C-284/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - tilskipun 93/40/EBE - vanræksla á að taka tilskipun upp í landslög innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 15. október 1998 í máli C-324/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - tilskipun 95/27/EB - vanræksla á að taka tilskipun upp í landslög innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 15. október 1998 í máli C-326/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - tilskipun 95/27/EB - vanræksla á að taka tilskipun upp í landslög innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 15. október 1998 í máli C-385/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - tilskipun 93/118/EBE og 94/59/EB - vanræksla á að taka tilskipun upp í landslög innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 15. október 1998 í máli C-386/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - tilskipun 95/23/EB - vanræksla á að taka tilskipun upp í landslög innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 22. október 1998 í máli C-26/98: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - tilskipun 94/26/EB - vanræksla á að taka tilskipun upp í landslög innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 8. október 1998 í máli C-228/97 P: Hedwig Kuchlenz-Winter gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (embættismenn – sameiginleg sjúkratrygging – fráskilin eiginkona fyrrverandi embættismanns – áfrýjun vísað frá sem órökstuddri).

⁽¹⁾ Sjá Stjttð. EB nr. C 378, 5. 12. 1998.

Mál C-325/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance de Lille samkvæmt dómi þess dómstóls frá 7. ágúst 1998 í dómsmálinu Philippe Anssens gegn Directeur des Services Fiscaux du Nord.

Mál C-344/98: Beiðni um forúrskurð frá Supreme Court, Írlandi, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 16. júní 1998 í dómsmálinu Masterfoods Ltd gegn HB Ice Cream Ltd, og HB Ice Cream Limited gegn Masterfoods Ltd sem rekur viðskipti undir nafninu Mars Ireland.

Mál C-359/98 P: Áfrýjað var þann 7. október 1998 af Ca' Pasta Srl úrskurði uppkveðnum þann 16. júlí 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild) í máli T-274/97 milli Ca' Pasta Srl og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-361/98: Mál höfðað þann 8. október 1998 af lýðveldinu Ítalíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-365/98: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Düsseldorf samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 5. október 1998 í dómsmálinu Brinkmann Tabakfabriken GmbH gegn Hauptzollamt Bielefeld.

Mál C-366/98: Beiðni um forúrskurð frá Cour d'Appel, Lyon (sjöunda deild) samkvæmt dómi þess dómstóls frá 16. september 1998 í dómsmálinu Ministère Public gegn Yannick Geffroy – skaðabótaabyrgð: SNC Casino France.

Mál C-373/98: Mál höfðað þann 16. október 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-374/98: Mál höfðað þann 16. október 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-375/98: Beiðni um forúrskurð frá Supremo Tribunal Administrativo, önnur deild, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 23. september 1998 í dómsmálinu Ministério Publico og Fazenda Pública gegn Epsion Europe BV.

Mál C-376/98: Mál höfðað þann 19. október 1998 af Sambandslýðveldinu Þýskalandi gegn Evrópuþinginu og ráði Evrópusambandsins.

Mál C-377/98: Mál höfðað þann 19. október 1998 af konungsríkinu Hollandi gegn Evrópuþinginu og ráði Evrópusambandsins.

Mál C-378/98: Mál höfðað þann 21. október 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu.

Mál C-385/98: Mál höfðað þann 26. október 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-51/98 tekið af málaskrá (Beiðni um forúrskurð frá Arbeitsgericht Wiesbaden): Urlaubs- und Lohnausgleichskasse der Bauwirtschaft gegn Works in the World s.r.l.

Mál C-255/98 tekið af málaskrá: Konungsríkið Spánn gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 98/EES/51/13

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 30. september 1998 í máli T-149/96: Confederazione Nazionale Coltivatori Diretti (Coldiretti) o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sameiginleg stefna í landbúnaðarmálum - dýraheilbrigði - smitandi heilahörnun í nautgripum – skaðabótamál - reglugerð (EB) nr. 1357/96 – viðbótarbætur – beiðni um ógildingu - viðskiptasamtök - frávísun).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi (fimmta deild) frá 17. september 1998 í máli T-271/94 (92): Eugénio Branco Lda gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (málsmeðferðarkostnaður).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í máli T-109/97: Molkerei Großbraunshain GmbH og Bene Nahrungsmittel GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (verndun bandalagsins á upprunatáknunum – skráning samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um tilgreiningu á landfræðilegu svæði sem umsækjendur telja of stórt – beiðni um ógildingu – mál ekki dómtækt).

Mál T-150/98: Mál höfðað þann 20. september 1998 af De Haan Beheer BV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-155/98: Mál höfðað þann 29. september 1998 af Société Internationale de Diffusion et d'Édition (SIDE) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-160/98: Mál höfðað þann 2. október 1998 af NV Firma Léon Van Parys og NV Pacific Fruit Company gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-165/98: Mál höfðað þann 12. október 1998 af Grandi Molini s.p.a. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-166/98: Mál höfðað þann 12. október 1998 af Cantina Sociale di Dolianova o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-169/98: Mál höfðað þann 16. október 1998 af Schiocchet SARL gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-170/98: Mál höfðað þann 16. október 1998 af Schiocchet SARL gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjtið. EB nr. C 378, 5. 12. 1998.